



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi (168. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur fjölmargar breytingar á ofangreindum lögum.

Líkt og við fyrra frumvarp um sama efni, sbr. 489. þingmál á 141. löggjafarþingi, tekur Viðskiptaráð heilt yfir undir athugasemdir í [umsögn SFF](#). Má þar t.a.m. nefna að frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsemi váttryggingarfyrirtækja eigi að búa við strangari skilyrði en t.d. fjármálafyrirtæki s.s. varðandi krosstjórnarsetu og óhæði stjórnarmanna. Þá er að finna ákveðinn skort á samræmingu hugtaka í frumvarpinu við efni frá FME, s.s. varðandi skilgreiningu hugtaksins lykilstarfsmaður. Eins er afmörkun á hugtakinu útvistun ekki til að dreifa, líkt og SFF bendir á í sinni umsögn. Að auki er hér tekið undir að þörf sé á heildstæðum samanburði ákvæða um stjórnarsetu í váttryggingarfélögum og fjármálafyrirtækjum við það sem gerist erlendis.

Að lokum er rétt að ítreka [athugasemd Viðskiptaráðs](#) við sama frumvarp hvað varðar 2. gr. og væntanlegar reglur FME um góða viðskiptahætti váttryggingarfélaga. FME hefur nýlega gefið út sambærilegar [reglur fyrir fjármálafyrirtæki](#) og ljóst er af efnistöku þeirra hversu vandasamt verkefni það er að reglusetja svona matskennt efni. Orðalag efnisákvæða reglnanna er opið og afar huglægt. Viðkomandi fyrirtæki hafa því takmarkaða leiðsögn um framhaldið og eftirlitshlutverk FME er flækt um of. Því er alls óvíst hverju umræddar reglur bæta við t.a.m. leiðbeiningar Viðskiptaráðs, SA og Kauphallarinnar um [stjórnarhætti fyrirtækja](#) eða aðrar svipaðar. Því væri heppilegt ef nefndin myndi kanna hvort umræddum reglum sé vegna þessa ekki ofaukið í frumvarpinu og þá í lögum um fjármálafyrirtæki.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri